

Tillaga að skólastarfi í Stóru-Vogaskóla samkvæmt nýjustu reglugerð vegna Covid 19 Nóvember 3.-17. nóv 2020

Reglugerð xxxx/2020 um takmarkanir á skólastarfi vegna farsóttar frá 1. nóvember 2020 þar sem megináherslan er:

4. gr.

Grunnskólar.

Grunnskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum með 2 metra nálægðartakmörkum milli starfsfólks. Sé ekki unnt að tryggja 2 metra nálægðartakmörkun skal starfsfólk nota andlitsgrímur. Ekki skulu vera fleiri en 10 starfsmenn í hverju rými, þó er starfsmönnum heimilt að fara milli hópa.

Nemendur í 1.–4. bekk eru undanþegnir 2 metra nálægðartakmörkun sem og grímuskyldu. Ekki skulu vera fleiri en 50 nemendur í 1.–4. bekk í hverju rými.

Um nemendur í 5.–10. bekk gildir 2 metra nálægðartakmörkun en ef víkja þarf frá henni ber nemendum að nota grímu. Ekki skulu vera fleiri en 25 nemendur í 5.–10. bekk í hverju rými.

Í sameiginlegum rýmum skóla, svo sem við innganga, í anddyri, á salerni og göngum, er heimilt að víkja frá fjöldatakmarkun og reglu um blöndun hópa að því gefnu að nemendur í 5.–10. bekk og starfsfólk notist við andlitsgrímu. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nálægðartakmörkun, svo sem í verklegri kennslu og listkennslu, skulu kennarar og nemendur í 5.–10. bekk nota andlitsgrímu.

Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til. Stjórnendum grunnskóla er heimilt að krefja foreldra, þurfi þeir að koma inn í skólabyggingu, um að nota andlitsgrímur. Aðrir en starfsmenn sem koma inn í grunnskóla, svo sem kennarar tónlistarskóla sem koma inn í grunnskóla með einstaklingskennslu, starfsfólk skóláþjónustu sveitarfélaga og vegna vöruflutninga, skulu bera andlitsgrímur.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til frístundaheimila fyrir nemendur í 1.–4. bekk. Halda skal sömu hópaskiptingu nemenda í grunnskólastarfi og á frístundaheimilum þannig að ekki verði blöndun milli nemendahópa.

Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa og sótthreinsa byggingar eftir hvern dag og milli hópa í sama rými.

Skipulagt íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarf, þ.m.t. starf félagsmiðstöðva, barna á grunnskólaaldri er óheimilt. Á þetta við um starf sem fer fram innan og utan grunnskóla.

Mötuneyti er heimilt að starfa samkvæmt gildandi ákvæðum um fjöldatakmarkanir og nálægðartakmarkanir.

Tilmælin gilda til 17. nóvember nk.

Stóru-Vogaskóli starfar í og sinnir verkefnum sínum eins og kostur er og ætlast er til að skólastarf verði ákveðin festa eða rútína í lífi barna.

Út frá þessum grunnreglum verði skólastarf Stóru-Vogaskóla með eftirfarandi hætti:

Húsnæði skóla:

Hólfaskipting eru kennslurými (stofur) nemenda en kennarar mega fara á milli, ef þeir geta ekki virt 2 metra er grímuskylda. Ekki mega vera fleiri en **10 starfsmenn í sama hólfi**. Nemendur fara ekki úr sínum stofum og ekki á milli hólf. Starfsmenn ganga inn um sitt hólf, sjá nafnalista með hólfum.

Allir nemendur mæta kl. 8:00 í skólann. ATH 5.-10.b. með grímur.

Hólf 1: 1.-3. bekkur.

Hólf 2: 4.-5. bekkur.

Hólf 3: 6.-7. bekkur neðri gangur

Hólf 4: 8.-10. Bekkur efri gangur

Hólf 5: Riddaragarður

- Nemendur í Riddaragarði mæta á sinn hefðbundna stað sem verður skilgreint sem sérstakt starfshólf og starfsfólk þess sömuleiðis.
- Starfsmenn skóla skulu ekki fara milli hólf á meðan á þessu fyrirkomulagi stendur – nema brýnasta þörf liggi fyrir og vera þá með grímu.
- Gæta skal að 2 metra fjarlægð milli starfsmanna eins og mögulegt er annars er grímuskylda.
- Kaffistofa starfsmanna mega ekki vera fleiri en **10 manns og grímuskylda**.
- Sérkennsla fer fram í hólfum eftir því sem unnt er að sinna.

Kennslustundir: Nemendur í 1.-4. bekk fá 6 kennslustundir og nemendur í 5.-10. bekk fá 4 kennslustundir og sinna meira heimanámi. Bekkir eiga ekki að hafa samskipti sín á milli í skólanum. Kennslustofur skulu vera opnar og kennari mættur þegar kennslustund hefst. Nemendur eiga ekki að koma í skólann fyrir en rétt fyrir kennslu. Nemendur fara inn í stofu án þess að hafa samskipti.

Kennsla skal vera eftir bekkjum sem hér segir:

- 1.-4.b. Mæta kl. 8:00-13:00. Frístund frá kl.13:00-17:00.
- 5.-10.b. Mæta kl. 8:00-11:00. Rafrænn tími kennara á Teams kl.13:00-13:40.

Rafrænn tími er ætlaður fyrir kennara að hitta nemendur sem þess kjósa og vantar aðstoð við námið.

Það er viðkomandi kennara (umsjónarkennara) að ákveða hvernig kennslustund er háttað og að útfæra saman uppbyggingu kennslustunda með fast skipulag sem sé hvetjandi, styðjandi og gefandi fyrir nemendur. Umsjónarkennari verður í samskiptum við aðra kennara sem koma að bekknum í gegnum tölvupóst/teams. Umsjónakennarar bera ábyrgð á að senda upplýsingar heim varðandi nám nemenda sinna.

- Varðandi námsgreinar í kennslustund í skóla skal lögð áhersla á allar bóklegar greinar. Íþrótt- og sundkennsla fellur niður. Verk- og listgreinar verða kenndar eftir því sem við verður komið, en þá innan hólf.
- Grímuskylda í skólaakstri.

Starfsmenn aðrir en kennarar: Hver starfsmaður sinni afmörkuðum verkefnum á ákveðnum stað, sjá nafnalista.

- Það geta mögulega einstakir starfsmenn farið á milli hólf að beiðni skólastjórnenda og verður þá gripið til viðeigandi ráðstafana. Skólastjórnendur eingöngu veita það leyfi.

Umsjónarkennarar: Bera ábyrgð á kennslu umsjónarþekkinga sinna.

- Umsjónarkennarar mega halda heim eftir kennslu en mega einnig vinna áfram í skóla.
- Umsjónarkennarar skulu senda námsgögn heim með nemendum og taka við heimaverkefnum daglega eftir því sem við á. Lagt er til samráðs við viðeigandi kennara.
- Umsjónarkennarar nota tölvupóst í Mentor eða Teams í samskiptum við heimilin og nemendur.
- Bókasafn (Svava) finnur til bókapakka/tímarit í stofur.

Aðrir kennarar: Stuðningur við bekkjarkennsluna.

- Aðrir kennarar en umsjónarkennarar (greinakennarar, sérgreinakennarar, list- og verkgreinakennarar) séu til stuðnings í einu kennsluhólfi. Kennarar mega halda heim eftir kennslu en mega einnig vinna áfram í skóla.

Stjórnendur: Ný verkaskipting og takmörkuð samskipti stjórnenda.

- Skólastjóri og ritari verða í stjórnunarálfu skóla og takmarka ferðir sínar um skólann.
- Aðstoðarskólustjóri verður með aðstöðu í hólfi 1.
- Deildarstjórnar í hinum hólfunum.

Heimanám: Aukið heimanám og sérhæfð námsskilaboð.

- Gert er ráð fyrir að nemendur nýti þær bjargir og tækni heima sem þeir þegar hafa aðgang að í skóla eftir því sem kennarar telja eðlilegt við þær kennsluaðstæður sem fyrir liggja.
- Umsjónarkennari, í samstarfi við greinakennara þar sem við á, gefur nemendum daglega námsskilaboð – hvort heldur í daglegri kennslustund eða með rafrænum leiðum utan daglegrar kennslustundar og taldar eru heppilegar hverju sinni. Miðað er við að nemendur fái heimanám (heimavinna). Að auki eru nemendur hvattir til að hreyfa sig, fræðast (lesa bækur og blöð, horfa á fræðsluefni) og sinna skemmtilegum áhugamálum heima.
- Sérstök áhersla verði kynnt gagnvart nemendum um hreyfingu sem hluti heimanáms – umfram þær kennslustundir sem skilgreindar eru sem heimanám.

Matarþjónusta: Til staðar en aðlöguð að nýjum aðstæðum.

- 1.-4. bekkur er afgreiddur með mat í Tjarnarsal en fara inn í salinn að utanverðu.
- **1.-3. bekkur fer í mat** kl. 11:00-11:20 og fara svo í frímínútur til kl. 11:35.
 - **Sóttþreinsa vel á milli hópa.**
- **4. bekkur fer í mat** kl. 11:30-11:50 og fara svo í frímínútur til kl. 12:05.
 - **Sóttþreinsa vel eftir matinn.**
- Nemendur komi með vatnsbrúsa og nesti í nestisboxi í skólann og taka afgang/umbúðir aftur heim.
- Matarþjónusta óbreytt hjá starfsfólki, muna spritt og 2 metra og ekki fleiri en 10 manns í einu.
- Hægt að sækja mat og fara með í setustofu eða í sínar stofur.

Veikindi og leyfi frá skóla: Sömu reglur og áður en minni afleiðingar.

- Skólastarfið sem skipulagt er í hertum aðgerðum er hluti af skólaskyldu. Sé nemandi veikur, af hvaða ástæðu sem er, skal vera heima og foreldrar skrá veikindi (í Mentor) eða tilkynna til skóla líkt og gert er venjulega í viðkomandi skóla. Um leyfi nemenda gilda þær reglur sem nú eru í gangi – að undanskildu því að mætingar munu ekki vera hluti skólaeinkunnar þar sem það á við.
- Sýni nemandi einkenni sem líkjast sjúkdómseinkennum sem tengjast kórónaveirunni skal hann ekki sækja skóla og foreldrar vera í samráði við heilbrigðisyfirvöld um dvöl þeirra heima (sími 1700). Systkini nemanda sem er með staðfesta kórónusýkingu sækir ekki grunnskóla (þótt hann sé grunnskólanemandi) og skulu vera í sóttkví í samræmi við tilmæli yfirvalda.
- Allar afleysingar vegna veikinda starfsfólks verða að leysast innan kennsluhólfa.

- Komi nemandi í skóla sem reynist smitaður skal fara að tilmælum hebrigðisyfirvalda um framhaldið, þ.e. ef kveðið er á um að allir samnemendur/starfsfólk sem voru í stofunni með nemanda eigi að fara í sóttkví fellur kennsla í viðkomandi bekk niður í samræmi við sóttkvíartímann.

Sóttkví/einangrun:

- Nú getur verið að einstaka nemendur þurfi að sæta skipaðri sóttkví/einangrun vegna faraldursins og er það þeirra að sinna námi sínu líkt og gildir almennt um leyfi, þ.e. fjarvistir eru skráðar sem leyfi vegna Covid.
- Ef heilir bekkir fara í sóttkví um lengri tíma en eina viku verður sérstakt prógramm á vegum skóla fyrir þá nemendur á vegum umsjónarkennara síns þar sem umræddur bekkur fær enga staðkennslu. Ekki verður um fjarkennslu að ræða heldur regluleg samskipti við nemendur og tengsl við kennara sem styður og aðstoðar við dagleg námsverkefni.

Frístund:

- Óskert frá kl.13:00-17:00.

Þríf skóla: Gæta skal ítrustu sóttvarna og snertifleti skal þrifa sérstaklega.

- Skóli er þrífinn daglega og þríf aukin eftir því sem við er komið.
- Þríf skulu fara fram eftir kennslu í hverju kennsluhólfi.

Foreldraskilaboð: Sérstök foreldraskilaboð.

- Skilaboð til foreldra verði á íslensku (og ensku ef þess er nokkur kostur) sem tengist skólastarfinu á tímabilinu.
- Samið verði foreldrabréf til allra foreldra út frá þessu skjali.

Annað: Annað starf í lágmarki.

- Meðan á hertum aðgerðum stendur mun skóli draga sem mest úr fundum, atburðum og teymisvinnu nema það sé algjörlega nauðsynlegt og hluti neyðarstjórnunar. Öll þjónustu skóla- og félagsþjónustu er skert.
- Starfsmenn skóla- og félagsþjónustu sveitarfélagsins mega ekki koma í skóla til að sinna verkefnum sínum en mega sinna samskiptum við starfsfólk skóla í gegnum rafræn samskipti eða síma.
- Gestakomur í skóla eru óheimilar og foreldrar koma ekki inn í skólabyggingu heldur afhendi börn sín við útidyr í viðkomandi starfshólfi.

Vogar 2. nóv. 2020

Stjórnendur, Stóru-Vogaskóli